



Árshlutauppgjör 1F 2025

María Björk Einarsdóttir og Óskar Hauksson



Rekstur



1F – Traustur rekstur nýjar stoðir í sókn

Góður grunnrekstur og jákvæð tekjuþróun í lykilvörum

- Fjölgun í farsíma á meðan internet stendur í stað
- Notendum Sjónvarps Símans Premium fjölgar um 10% milli ára

Auglýsingamiðlun orðin öflug stoð í rekstrinum

- Vel heppnuð yfirtaka og samþætting Billboard á árinu 2024
- Sterkir umhverfis- og sjónvarpsmiðlar Símans skapa einstakt virði fyrir viðskiptavinum

Fjártækni Símans tekur á sig mynd í kjölfar innri og ytri vaxtar

- 150 þúsund skráðir notendur hjá Noona Iceland og yfir hundrað fyrirtæki hafa tekið nýtt fyrirtækjakort Símans Pay í notkun
- Gengið formlega frá kaupum á lánasafni í febrúar þar sem teknir voru yfir 9.000 lánasamningar fyrir 1,5 ma.kr.

Áfram gott sjóðstreymi af undirbyggjandi rekstri

- Greiðslur til hluthafa námu 1.023 m.kr. á 1F



Hæstaréttardómur litar myndina

Rekstrarniðurstaða litast af óvæntri niðurstöðu Hæstaréttar

- Hæstiréttur sneri við dómum Héraðsdóms og Landsréttar og dæmdi Símann til greiðslu sektar að fjárhæð 400 m.kr.
- Niðurstöður þriggja lagadeilna til viðbótar kölluðu á gjaldfærslur upp á rúmlega 60 m.kr. á fyrsta ársfjórðungi, auk 35 m.kr. í dráttarvexti
- Lagaleg óvissa hefur minnkað til muna með lokum þessara mála





Rekstrarreikningur

1F 2025

Heildartekjur námu 7.173 m.kr. og jukust um tæpar 600 m.kr. frá fyrra ári

- Aukning að mestu leyti vegna innkomu Billboard og Noona Iceland sem voru ekki hluti af samstæðu á 1F 2024
- Tekjuaukning í sjónvarpi og farsíma en gagnaflutningur stendur í stað

Kostnaðarverð sölu jókst um 346 m.kr. frá fyrra ári

- Kostnaður nýrra dótturfélaga og hækkun kostnaðar frá innviðabirgjum drífa aukninguna. Aðrir undirliðir eru sambærilegir milli ára

Rekstrarkostnaður jókst um 494 m.kr. frá fyrra ári

- Niðurstaða dómsmála þar af um 460 m.kr.

Hrein fjármagnsgjöld jukust um 126 m.kr. frá fyrra ári


- Fjármunatekjur standa í stað hjá samstæðunni en vaxtatekjur af útlánum Símans Pay jukust um 9% á milli ára
- Fjármagnsgjöld jukust um 135 m.kr. þar sem Síminn hefur aukið skuldsetningu í tengslum við yfirtökur
- Dráttarvextir af greiðslum vegna lagadeilna voru um 35 m.kr.

Rekstrarreikningur	1F 2025	1F 2024	Breyting	%
Sala	7.003	6.417	586	9,1%
Kostnaðarverð sölu	(4.526)	(4.180)	(346)	8,3%
Framlegð	2.477	2.237	240	10,7%
Aðrar rekstrartekjur	170	158	12	7,6%
Rekstrarkostnaður	(1.997)	(1.964)	(33)	1,7%
Stjórnvaldssekt og skaðabætur	(461)	0	(461)	
Rekstrarhagnaður (EBIT)	189	431	(242)	-56,1%
Fjármunatekjur	192	183	9	4,9%
Fjármagnsgjöld	(513)	(378)	(135)	35,7%
Hrein fjármagnsgjöld	(321)	(195)	(126)	64,6%
(Tap) hagnaður fyrir tekjuskatt	(132)	236	(368)	-155,9%
Tekjuskattur	(56)	(65)	9	-13,8%
(Tap) hagnaður	(188)	171	(359)	-209,9%
EBITDA	1.272	1.435	(163)	-11,4%
(Tap) hagnaður á hlut	(0,08)	0,07	(0,15)	-214,3%




Tekjur 1F 2025

Tekjur eftir starfspáttum



Tekjuþróun eftir starfspáttum





Tekjur 1F 2025

Farsími

- Aukning í fjölda og tekjum frá fyrra ári
- Reikitekjur aukast um tæp 13% einkum vegna notkunar erlendra ferðamanna á Íslandi

Gagnaflutningur

- Lítilsháttar aukning í fjölda en meðalverð þokast niður á við

Sjónvarpsþjónusta


- Góður tekjuvöxtur á milli ára. Árstíðabundið brottfall frá lokum 4F en um 10% fjölgun viðskiptavina á milli ára

Auglýsingamiðlun


- Billboard varð hluti af samstæðu Símans í lok 1F 2024 og því eru tekjur ekki í samanburðartölum
- Tekjur Billboard á 1F 2025 voru 370 m.kr.

Starfsþættir	2025	2024	Breyting	%
Farsími	1.685	1.628	57	3,5%
Gagnaflutningur	2.067	2.064	3	0,1%
Sjónvarpsþjónusta	1.901	1.836	65	3,5%
Auglýsingamiðlun	563	173	390	225,4%
Vörusala	415	424	-9	-2,1%
Annað	542	450	92	20,4%
Samtals	7.173	6.575	598	9,1%

1F 2024



1F 2025




Farsími Gagnaflutningur Sjónvarpsþjónusta Auglýsingamiðlun Vörusala Annað

Farsími: Farsímaþjónusta hvort sem er hefðbundin GSM þjónusta, gervihnattaþjónusta eða önnur farsímaþjónusta. **Gagnaflutningur:** Gagnaflutningsþjónusta, þ.m.t. xDSL þjónusta, GPON, Internet, IP net, heimtaugar og aðgangsnét. **Sjónvarp:** Dreifing á sjónvarpsefni, áskriftir og notkun á miðlum félagsins. **Auglýsingamiðlun:** Auglýsingatekjur í umhverfismiðlun og sjónvarpi. **Vörusala búnaðar:** Sala á fjarskiptabúnaði og fylgihlutum. **Annað:** Tekjur tengdar öðrum fjarskiptum og fjármálum.




Afkoma 1F 2025


EBITDA




EBIT



Frjálst fjárflæði*



Hagnaður





Fjártækni

Útlán

- Síminn Pay tók yfir lánasafn Valitor í lok febrúar og jukust útlán þá um 1,4 ma.kr.
- Hóflegur vöxtur í kreditkortum en útlán í gegnum Léttkaup hafa farið lækkandi
 - Reiknað með viðsnúningi í Léttkaupum í kjölfar kaupa á lánasafni


Fyrirtækjakortið

- Mikill vöxtur í notendafjölda fyrirtækjakortsins
- 118 fyrirtæki höfðu innleitt lausnina í lok mars og 60 til viðbótar eru í innleiðingu og prófunum


Noona Iceland


- Unnið er að því að samþætta rekstur Noona við fjártækni Símans eftir að félagið varð hluti af samstæðunni í desember 2024
- Bókunar- og afgreiðslulausnir eru þar með orðinn hluti af fjölbreyttu vöruframboði Símans í fjártækni

Útlánasafn Símans Pay



Vaxtatekjur Símans Pay






Efnahagur og sjóðstreymi




Efnahagsreikningur

- Viðskiptavild og aðrar óefnislegar eignir lækka einkum vegna afskrifta á sýningarréttum. Ekki var fjárfest í nýju sjónvarpsefni á 1F
- Útlán hækka um 1,4 ma.kr. vegna yfirtöku á lánasafni
- Hækkun á öðrum skammtímaskuldbindingum er vegna fyrirtækjakorta Símans Pay og hækkun á fyrirframgreiddum kostnaði sem er hefðbundið hjá Símanum á 1F og tengist samingum við nokkra lykilbirgja
- Langtímalán hækka um 1,5 ma.kr. þar sem yfirtaka á lánasafni var fjármögnuð með langtímaláni.
- Skammtímalán hækka um 400 m.kr.

Hreinar vaxtaberandi skuldir



Eiginfjárhlutfall



Efnahagsreikningur	31.03.2025	31.12.2024	Breyting	%
Rekstrarfjármunir	3.638	3.543	95	3%
Leigueignir	1.750	1.844	(94)	-5%
Óefnislegar eignir	25.713	26.243	(530)	-2%
Aðrar eignir	980	638	342	54%
Fastafjármunir	32.081	32.268	(187)	-1%
Birgðir	1.329	1.339	(10)	-1%
Viðskiptakröfur	2.403	2.503	(100)	-4%
Útlán	4.278	3.204	1.074	34%
Aðrar skammtímaskuldbindingar	1.651	1.033	618	60%
Handbært fé	393	835	(442)	-53%
Veltufjármunir	10.054	8.914	1.140	13%

Eignir samtals	42.135	41.182	953	2%
-----------------------	---------------	---------------	------------	-----------

Eigið fé	16.916	18.116	(1.200)	-7%
Eigið fé	16.916	18.116	(1.200)	-7%

Vaxtaberandi skuldir	14.129	12.733	1.396	11%
Leiguskuldbindingar	1.484	1.571	(87)	-6%
Tekjuskattsskuldbinding	578	686	(108)	-16%
Langtímaskuldir	16.191	14.990	1.201	8%


Vaxtaberandi skuldir	2.484	2.084	400	19%
Viðskiptaskuldir	3.787	3.760	27	1%
Næsta árs afborganir	787	780	7	1%
Aðrar skammtímaskuldir	1.970	1.452	518	36%
Skammtímaskuldir	9.028	8.076	952	12%

Eigið fé og skuldir samtals	42.135	41.182	953	2%
------------------------------------	---------------	---------------	------------	-----------

*Hreinar vaxtaberandi skuldir innihalda vaxtaberandi skuldir og leiguskuldbindingar að frádregnu handbæru fé og útlánum Símans Pay.
*12M EBITDA 2024 inniheldur 12M pro forma EBITDA Billboard og Noona.
*12M EBITDA 1F 2025 inniheldur 12M pro forma EBITDA Noona. Leiðrétt fyrir 460 m.kr. vegna dómsmála.

Sjóðstreymi

- Gott sjóðstreymi af undirliggjandi rekstri en fjórðungurinn litast af 495 m.kr. greiðslu sekta og skaðabóta með dráttarvöxtum
- Vaxtagreiðslur hækka þar sem skuldsetning hefur verið aukin frá 1F 2024
- Verulega dregur úr fjárfestingum í óefnislegum eignum frá árinu áður en á 1F í fyrra fóru 20% af 3 ára sýningarrétti enska boltans á fjárfestingu. Ekkert fjárfest í sýningarréttum á 1F á þessu ári
- Greiðslur til hluthafa námu 1.023 m.kr. á 1F og þar af námu endurkaup 525 m.kr.
- Skammtímalán aukin um 400 m.kr. þar sem 1F var nokkuð þungur í útgreiðslum



Sjóðstreymi	1F 2025	1F 2024
Rekstrarhagnaður	189	431
Afskriftir	1.083	1.004
Liðir sem hafa ekki áhrif á sjóðstreymi	11	21
Samtals rekstrarhreyfingar	1.283	1.456
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum	(122)	(177)
Handbært fé frá rekstri án vaxta og skatta	1.161	1.279
Innborgaðir vextir	184	175
Greiddir vextir	(420)	(243)
Greiddir skattar	(53)	(90)
Handbært fé frá rekstri	872	1.121
Fjárfestingar í fastafjármunum	(547)	(1.292)
Útlán Símans Pay	(1.446)	(119)
Kaup á dótturfélögum að frádregnu handbæru fé	0	(3.732)
Fjárfestingarhreyfingar	(1.993)	(5.143)
Greiddur arður	(498)	0
Kaup eigin bréfa	(525)	(191)
Afborganir leiguskuldbindingar	(87)	(69)
Nettó breyting á lánum	1.793	4.500
Fjármögnunarhreyfingar	683	4.240
Breytingar á handbæru fé	(438)	218
Áhrif gengisbreytinga á handbært fé	(4)	(2)
Handbært fé í byrjun ársfjórðungs	835	1.810
Handbært fé í lok ársfjórðungs	393	2.026




Fjárfestingar





Fjárfestingar





Vaxandi stafrænt samfélag



Sjónvarp Símans Premium

Síminn leiðir íslenska framleiðslu

- Um 10% fjölgun viðskiptavina á milli ára með Sjónvarp Símans Premium
- Síminn frumsýnir flestar leiknar íslenskar þáttaraðir á árinu: Reykjavík 112, IceGuys, Friðarhöfn, Reykjavík Fusion og Vesen
- 12 leiknar þáttaraðir nú á framleiðslustigi
- Yfir 52.000 einstaklingar horfðu á fyrsta þátt Reykjavík 112 fyrstu vikuna í sýningu
- Framleiðsla á íslensku barnaefni heldur áfram með áherslu á að efla íslenska tungu
- Stórir samningar við HBO, Paramount, Universal, MGM og ITV tryggja Símanum hágæða sjónvarpsefni allt árið um kring
- Síminn hlaut Áruna, árangursverðlaun ÍMARK, fyrir árangursríkustu markaðsherferð ársins með IceGuys



Fjártækni

Sóknarfæri í stækkandi tekjustoð

118 fyrirtæki nota nýtt fyrirtækjakort Símans Pay

- Mörg stærstu fyrirtæki landsins
- 60 fyrirtæki í innleiðingu og prófunum

Tæplega 150 þúsund skráðir notendur hjá Noona

- Um 78 þúsund manns bóka 200 þúsund tíma á mánuði
- Tugmilljarða velta fer í gegnum kerfi Noona Iceland á ári
- Fjöldi söluaðila í Noona er 1.016 og hafa 89 nýir komið inn frá því í janúar

Tilraunaverkefni með gervigreind í símsvörun og tímabókanir

Rafrænar beiðnir Símans Pay í rekstri sveitarfélaga

- Samningar náðst við nokkur stærstu sveitarfélög landsins, innleiðing hafin hjá Reykjavíkurborg og Hafnarfjarðarbæ

118

Síminn Pay – Fyrirtæki með fyrirtækjakort

60

Síminn Pay - Fyrirtæki í innleiðingu og prófunum með fyrirtækjakort

5.000

m.kr. – Lánasafn Símans Pay

200.000

Noona - Tímabókanir á mánuði

150.000

Noona - Skráðir notendur



ICELANDAIR 

BLUE LAGOON
ICELAND

SORPA

 Mosfellsbær

EIMSKIP

samkaup

VÍS

SECURITAS



Umhverfismiðlar Símans





Nýjungar í fjarskiptum stórauka öryggi í fiskeldi

- Fyrsta einka-5G kerfi landsins tryggir Arnarlaxi örugga bandvidd 7 km frá landi
- Farsímakjarni og farsímasendir staðsettir á Patreksfirði
- Öruggt burðarlag fyrir streymi úr tugum myndavéla á eldissvæðum
- Komið í veg fyrir slys með eftirliti og fjarstýringu búnaðar á 5G kerfi Radiómiðunar
- Sambærilegar lausnir í þróun víðar um land

radiomidun 







Markviss stefnumótun skilar árangri

- Innleiðing nýrrar stefnu er forgangsmál í rekstrinum
- Skýrt sambengi milli vaxandi starfsánægju og ánægju viðskiptavina

Meðmælendahlutfall viðskiptavina



Meðmælendahlutfall starfsfólks





Hluthafar







Hluthafar

- Hluthafar voru 891 í lok 1F 2025
- Greiddur var 498 m.kr. arður 28. mars 2025
- Hlutfé var lækkað 24. mars 2025 um 175.000.000 eigin hluti og er hlutfé í félaginu 2.475.000.000 eftir lækkun
- Endurkaup á 1F 2025 námu 525 m.kr.
- Hlutabréf Símans hafa hækkað um 33,3% undanfarna 12 mánuði, en frá áramótum hefur gengi hlutabréfa hækkað um 0,7%

Hluthafar 28.4.2025	Fjöldi hluta	Eignahlutur
Stoðir hf.	461.194.170	18,63%
Brú Lífeyrissjóður starfs sveit	274.877.095	11,11%
Lífeyrissj.starfsm.rík. A-deild	258.771.439	10,46%
Lífeyrissjóður verzlunarmanna	163.922.187	6,62%
Gildi - lífeyrissjóður	149.446.085	6,04%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	88.830.504	3,59%
Birta lífeyrissjóður	81.415.261	3,29%
Stefnir - Innlend hlutabréf hs.	72.055.439	2,91%
Brú R deild	71.407.033	2,89%
Lífeyrissj.starfsm.rík. B-deild	60.306.152	2,44%
10 stærstu hluthafar	1.682.225.365	67,97%
Aðrir hluthafar	749.602.173	30,29%
Samtals útistandandi hlutir	2.431.827.538	98,26%
Eigin bréf	43.172.462	1,74%
Heildarhlutfé	2.475.000.000	100,00%

Verðþróun síðustu 12 mánuði





Horfur 2025



Afkomuspá fyrir árið 2025

- Afkomuspá fyrir EBITDA og EBIT var lækkuð um 400 m.kr. þann 24. febrúar sl. eftir dóm Hæstaréttar
- Að öðru leyti eru forsendur afkomuspár ársins óbreyttar
- Óvissa í spá er meiri en oft áður þar sem samningi um sýningarrétt að ensku úrvalsdeildinni lýkur í maí
- Ákveðin óvissa ríkir um áhrif þessa, en áætlanir gera ráð fyrir jákvæðum áhrifum á sjóðstreymi og EBIT, en neikvæðum áhrifum á EBITDA
- Sýningarrétturinn er eignfærður og áætlun þessa árs gerir ráð fyrir að lækkun afskrifta verði meiri en möguleg neikvæð tekjuáhrif
- Rekstur Noona Iceland kom inn í samstæðu í byrjun árs og keypt lánasafn í byrjun mars
- Fjárfestingar lækka talsvert frá 2024 vegna minni fjárfestinga í sýningarréttum

6,6–7,0 MA.KR.

EBITDA

3,2–3,6 MA.KR.*


EBIT

2,8–3,1 MA.KR.

Fjárfestingar

* EBIT spá er án áhrifa afskrifta á óefnislegum eignum vegna kaupa á félögum







Fyrirvari

Síminn vekur athygli á því að upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem félagið telur áreiðanlegar á hverjum tíma og staðhæfingar sem finna má í kynningunni kunna að vera byggðar á mati og áætlunum stjórnenda félagsins en ekki á staðreyndum sem hægt er að sannreyna við kynningu. Staðhæfingar sem finna má í þessari kynningu gilda eingöngu á því tímamarki þegar kynningin er birt og takmarkast gildi þeirra við það sem segir í fyrirvara þessum.

Athygli fjárfesta er vakin á því að margir þættir geta haft þau áhrif að rekstrarumhverfi félagsins og afkoma verði með öðrum hætti en forsendur gera ráð fyrir í kynningunni. Kynningin verður ekki endurskoðuð eftir birtingu hvað þetta varðar. Kynningin er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, fyrirliggjandi upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í þessari kynningu. Þar má nefna ytri þætti á borð við breytingar á efnahagsumhverfi, framboð á fjármagni og áhrif eftirlitsaðila.

Með móttöku þessarar kynningar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn af framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.